

## **Skipulags- og samgönguráð**

Ár 2021, miðvikudaginn 12. maí kl. 9:02, var haldinn 104. fundur skipulags- og samgönguráðs Reykjavíkur. Eftirtaldir fulltrúar tóku sæti á fundinum: Pawel Bartoszek, Aron Leví Beck, Katrín Atladóttir og áheyrnarfulltrúi Kolbrún Baldursdóttir. Eftirtaldir fulltrúar tóku sæti á fundinum með fjarfundarbúnaði með vísan til heimilda í auglýsingu nr. 1436/2020 um ákvörðun samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, skv. VI. bráðabirgðaákvæði sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011: Hjálmar Sveinsson, , Dóra Björt Guðjónsdóttir, Ragnhildur Alda Vilhjálmisdóttir, Marta Guðjónsdóttir, og áheyrnarfulltrúarnir Vigdís Hauksdóttir og Daníel Örn Arnarsson. Eftirtaldir embættismenn og aðrir starfsmenn sátu fundinn Ólöf Örvarsdóttir, Björn Axelsson, Þorsteinn Rúnar Hermannsson og Sigurjóna Guðnadóttir. Eftirtaldir embættismenn og aðrir starfsmenn sátu fundinn með fjarfundarbúnaði: Ágústa Sveinbjörnsdóttir, Gunnar Hersveinn Sigursteinsson og Inga Rún Sigurðardóttir. Fundarritari var Glóey Helgudóttir Finnisdóttir.

### **Þetta gerðist:**

#### **(D) Ýmis mál**

1. Framlengd heimild til notkunar Mál nr. US200205  
fjarfundabúnaðar,

Lagt fram bréf borgarstjórnar Reykjavíkur til nefnda og ráða Reykjavíkurborgar, dags. 5. maí 2021, þar sem fram kemur að borgarstjórn samþykkti þann 4. maí sl. tillögu um framlengingu á heimild til frávika frá skilyrðum sveitarstjórnarlaga vegna neyðarástands í sveitarfélagi. Einnig er lögð fram auglýsing, dags. 30. mars 2021, um ákvörðun samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra til að tryggja starfhæfi sveitarstjórna og auðvelda ákvörðunartöku við stjórn sveitarfélaga nr. 1436/2020 og auglýsing, dags. 4. desember 2013, um leiðbeiningar um notkun fjarfundabúnaðar á fundum sveitarstjórna nr. 1140/2013.

#### **(A) Skipulagsmál**

2. Afgreiðslufundir skipulagsfulltrúa Mál nr. SN010070  
Reykjavíkur, fundargerð

Lögð fram fundargerð embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 7. maí 2021.

3. Hvassaleitisskóli, breyting á (01.804.1) Mál nr. SN190296  
deiliskipulagi

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á deiliskipulagi fyrir Hvassaleitisskóla að Stóragerði 11A. Í tillögunni eru sýndar endurbætur er stuðla að auknu öryggi nemenda og starfsmanna skólans, bæði er varðar bætt aðgengi að skólalóðinni og bættri aðstöðu til leikja innan hennar. Færa á almennu bílastæðin (30 stk.) frá norðurhluta skólalóðar yfir á suðurhluta með nýrri aðkomu frá Brekkugerði sem er á borgarlandi. Stæði hreyfihamlaða (2 stk.) verða áfram á núverandi stað fyrir framan aðalinngang skólans. Deiliskipulagsmörk verða útvíkkuð og skólalóð verður stækkuð auk þess sem komið verður fyrir skólarútustæði og sleppistæði í Stóragerði. Nýjum byggingarreitum undir færanlegar kennslustofur og nýtt sorpgerði er komið fyrir innan skólalóðarinnar, samkvæmt uppdr. Hornsteina arkitekta ehf. dags. 29. janúar 2021, br. 27. apríl 2021. Einnig er lagt fram minnisblað skóla- og frístundasviðs dags. 16. apríl 2019. Tillagan var auglýst frá 19. febrúar 2021 til og með 7. apríl 2021. Eftirtaldir sendu inn athugasemdir: Ólafía Aðalsteinsdóttir dags. 4. mars 2021, Axel Kaaber dags. 6. apríl 2021 og 46

eigendur að Brekkugerði og Stóragerði 27, dags. 7. apríl 2021. Einnig er lögð fram umsógn skipulagsfulltrúa dags. 27. apríl 2021.

Samþykkt sbr. 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Vísað til borgarráðs.

Fulltrúar Samfylkingarinnar, Pírata og Viðreisnar leggja fram svohljóðandi bókun:

Skipulagið er til bóta fyrir skólasamfélagið í heild enda hugmyndirnar komnar þaðan. Athugasemdin um að taka alfarið burt stæðin og nýta einungis stæði í borgarlandi er áhugaverð og rétt að skoða þá hugmynd betur í tengslum við gerð hverfisskipulags fyrir hverfið.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Breyting á skipulagi er til þess að auka öryggi barna á leið í skólann og til að tryggja öryggi við og bæta leiksvæði á skólalóðinni. Tillagan byggir á hugmyndum aðila skólasamfélagsins sem sátu í undirbúningshópi í hönnunarferlinu. Í honum sátu fulltrúar nemenda, foreldra og starfsfólks. Það var samdóma álit allra aðila að mikilvægt væri að tryggja betur öryggi nemenda með því að færa umferð út af skólalóðinni. Gert er ráð fyrir sérstöku stæði fyrir starfsfólk, svo það þarf ekki að nýta sér stæði nálægum götum og áfram verður sleppistæði fyrir foreldra sem skutla börnum sínum til skóla. Þegar kemur að deiliskipulagsbreytingar í grónum hverfum er mikilvægt að haft sé samráð við íbúa um breytingarnar.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Flokks fólksins telur að best hefði farið á því að fresta þessu máli enda hér farið gegn vilja íbúa sem hafa verið samstíga í málinu. Þetta er m.a. spurning um öryggi og öll viljum við að öryggi barna sem er að koma í og úr skóla sé sem allra mest. Vinna á þetta með íbúum ekki síst þeim sem breytingarnar snerta mest. Fulltrúi Flokks fólksins hefur lagt fram tillögu og hvatt skipulagsyfirvöld til að hlustað verði á íbúana í hverfinu, unnið með þeim í málinu. Sú tillaga Flokks fólksins er lögð fram á þessum sama fundi og verður væntanlega vísað frá. Aðgerðir þessar eru að ósk skólans en finna þarf lausn sem allir geta sætt sig við.

Ingvar Jón Bates Gíslason verkefnastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundabúnaði.

4. Lækjargata 12, breyting á deiliskipulagi (01.141.2) Mál nr. SN210173  
560807-0660 Höfuðborgareignir ehf., Sigtúni 28, 105 Reykjavík  
450913-0650 Atelier Arkitektar slf., Skaftahlíð 16, 105 Reykjavík

Lögð fram umsókn Björns Skaptasonar dags. 4. mars 2021 varðandi breytingu á deiliskipulagi Lækjargötu 10 og 12, Vonarstræti 4-4b og Skólalóð 2 vegna lóðarinnar nr. 12 við Lækjargötu. Í breytingunni felst að bætt er við heimild til þess að gera þaksvalir á inndregnum húshluta á þaki 4. hæðar að Vonarstræti og inngarði, samkvæmt uppdr. Atelier Arkitektar slf. dags. 3. febrúar 2021.

Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Vísað til borgarráðs.

Lilja Grétarsdóttir verkefnastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundabúnaði.

5. Rauðhólar, nýtt deiliskipulag (08.1) Mál nr. SN200198

Lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs, skipulagsfulltrúa, dags. 22. mars 2021, að deiliskipulagi fyrir Rauðhóla. Um er að ræða Rauðhóla sem hafa verið friðlýstir sem fólkvangur síðan 1974, ásamt aðliggjandi svæði í kringum Heiðmerkurveg yfir brúna að Helluvatni. Í tillögunni eru aðalleiðir gangandi og riðandi um svæðið fest inn á skipulagsáætlun. Er það gert til að auka upplifun ólíkra útivistarhópa í sátt við náttúruna, auk þess sem náttúru- og útivistarstígar eru skilgreindir á uppdrætti. Jafnframt er nýtt bílastæðahólf skilgreint sem jafnframt er þá upphafsstaður fyrir aðkomu inn í Rauðhólana fyrir þá sem koma akandi að svæðinu. Búið er að kortleggja helstu jarðminjar og vistgerðir auk fornleifapunkta. Einnig er lögð fram skýrsla Náttúrufræðistofnunar Íslands dags. 1. nóvember 2020.

Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Vísað til borgarráðs.

Fulltrúar Samfylkingarinnar, Pírata og Viðreisnar leggja fram svohljóðandi bókun:

Hér er verið að bæta alla umgjörð í kringum umferð gangandi, hjólandi og umferð reiðfólks um svæðið. Að sama skapi er verið að setja skýrari ramma í kringum ágang vegna aksturs með bílastæðahólfi. Rauðhólar sem eru röð gervigiga er mikilvægt jarðfræðilegt svæði með dýrmætum minjum sem ber að vernda sem allra best. Hér er verið að styðja við góða upplifun fjölbreyttra útivistarhópa af þessu merkilega svæði í sátt við náttúruna.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Búið er að skemma flesta Rauðhóla. Heilu hólunum var mokað í burtu, grafið í þá og þeir tættir og nú stendur eftir alls konar form af „hólum“, allt skemmdir af mannanna völdum. Skemmdir vegna efnistöku eru skerandi og ættu að minna alla á að ganga vel um náttúruna. Hægt er að nota Rauðhólana sem efni í fræðslu um hvernig á EKKI að ganga um náttúruna. Til stendur að gera nýtt göngustígakerfi og er það af hinu góða. Nú er spurning hvort og hvernig hægt að gera það besta úr þessum skemmdum. Rauðhólar eru vannýtt svæði með tilliti til útivistar og mun bæt göngustígakerfi vonandi verða til bóta.

Björn Ingi Edvardsson verkefnastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundabúnaði.

## **(B) Byggingarmál**

6. Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa, fundargerð Mál nr. BN045423

Fylgiskjal með fundargerð þessari er fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa nr. 1113 frá 4. maí 2021.

7. Brautarholt 4-4A, Íbúðarhúsnæði og (12.412.03) Mál nr. BN057715  
þjónusta/verslun - BN052434  
670716-0900 V Tólf Fasteignir ehf., Hófgerði 2, 200 Kópavogur

Að lokinni grenndarkynningu er lagt fram að nýju erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 6. október 2020 þar sem sótt er um leyfi til að byggja einnar hæðar viðbyggingu á bakhlið, stækka og síkka glugga og koma fyrir svölum á báðum hliðum, koma fyrir lyftu og innréttu 16 íbúðir á 2. - 4. hæð og verslun og sameiginlegt þvottahús á jarðhæð, einnig til að byggja einnar hæðar byggingu að lóðamörkum í austur og suður þar sem innréttuð verður hjólageymsla og geymslur íbúða með verönd á þaki á og við hús nr. 4, mhl. 01 á lóð nr. 4-4A við Brautarholt, samkvæmt uppdr. T.ark arkitekta ehf. dags. 21. febrúar 2017 síðast br. 27. apríl 2021. Lagður fram tölvupóstur Pálmar Kristmundsson dags. 14. desember 2020 þar sem óskað er eftir framlengingu á athugasemdarfresti. Erindi var grenndarkynnt frá 18. nóvember 2020 til og með 8. janúar 2021. Eftirtaldir sendu athugasemdir: PK Arkitekta ehf., Pálmar Kristmundsson, dags. 27. nóvember 2020 og 7. janúar 2021 og Sigurður G Guðmundsson f.h. PKdM Arkitekta ehf. dags. 7. janúar 2021. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 30. apríl 2021.

Samþykkt með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 30. apríl 2021 með fjórum atkvæðum fulltrúa Samfylkingarinnar, Pírata og Viðreisnar.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá við afgreiðslu.

Vísað til fullnaðarafgreiðslu byggingarfulltrúa.

Ingvar Jón Bates Gíslason verkefnastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundabúnaði.

### **(E) Samgöngumál**

8. Nagladekkjatalningar í Reykjavík Mál nr. US210122  
veturinn 2020-2021, kynning

Kynntar niðurstöður mælinga á hlutfalli bifreiða á nagladekkjum í Reykjavík veturinn 2020-2021.

Fulltrúar Samfylkingarinnar, Pírata og Viðreisnar leggja fram svohljóðandi bókun:

Ánægjulegt er að sjá að notkun nagladekkja dregst saman frá fyrra ári. Nauðsynlegt er að halda áfram að hvetja fólk til að sleppa eða minnka notkun nagladekkja auk þess að hefja samtal við stóra aðila á borð við bílaleigur um leiðir til að minnka notkun nagladekkja enn frekar. Væri hægt að skoða hvort ástæða væri til að setja enn frekari skorður á notkun nagladekkja ef ríkið myndi veita slíka heimild.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Notkun nagladekkja hefur aukist síðustu ár úr 22 % í 40 % . Á síðasta ári var umferð mjög óvenjuleg vegna Covid og er því ekki að undra að nagladekkjanotkun hefur dregist saman þar sem engir ferðamenn voru í landinu. Ljóst er að gera þarf átak í að hvetja fólk til að nota minna nagladekk og ekki má draga of miklar ályktanir út frá þessu frávíksári.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Skýrsla Eflu um talningu nagladekkja er kynnt á fundi skipulags- og samgönguráðs. Verkfræði- og arkitektastofan Efla er ráðin til að halda utan um verkið en sem fær síðan aðra, ungt fólk/námsmenn til að „telja“ hverjir

eru á nagladekkjum. Sjálfsagt er að fá þessar upplýsingar og búið er að gera talningu sem þessa frá aldamótum. Fulltrúa Flokks fólksins finnst þó afar sérstakt að ekki sé fenginn einhver borgarstarfsmaður til að halda utan um þetta verkefni heldur ráðin rándýr verkfræði- og arkitektastofa til þess. Hér mætti hagræða og spara. Utanumhald af þessu tagi krefst hvorki verkfræðinné arkitektamenntunar.

#### (D) Ýmis mál

9. Tillaga fulltrúa Viðreisnar, Samfylkingarinnar og Pírata í skipulags- og samgönguráði, um innleiðingu hámarkshraðaáætlunar

Mál nr. US210131

Lagt er til að fela skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar að móta tillögu að fyrsta áfanga innleiðingar hámarkshraðaáætlunar sem komi til framkvæmda á árinu. Áhersla verði lögð á götur við leiðir barna til og frá skóla eða frístundum sem og götur þar sem er mikill fjöldi gangandi vegfarenda.

Samþykkt.

Vísað til meðferðar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks samþykkja tillöguna í ljósi þess að verið er að leggja áherslu á götur við leiðir barna til og frá skóla eða frístundum.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Flokks fólksins leggur mikla áherslu á að hafa 30 km/klst. hámarkshraða á svæðum þar sem börn fara um, s.s. í nágrenni við skóla. Um þetta hefur aldrei verið deilt í borgarstjórn. Víða hefur hraði í íbúðagötum verið lækkaður og er það mjög af hinu góða. Hins vegar er annað í tillögu meirihlutans/skipulagsyfirvald um innleiðingu hámarkshraðaáætlunar og hraðahindrana sem eru verulega umdeilt enda togast á tveir þættir sem stundum er erfitt að samræma. Annars vegar að því minni hraði því færri óhöpp en hins vegar að því hægar sem er ekið því minni er afkastageta gatnakerfisins og meiri umferðartafir og svifryksmyndun. Umferðartafir og teppur í borginni er víða vandamál sem ekki hefur tekist að leysa þrátt fyrir margar nothæfar tillögur. Þessi mál hafa lengi verið vanrækt. Vaxandi vandi er sem dæmi á Breiðholtsbrautinni á annatímum. Þar hafa nú myndast langar bílaraðir á morgnana og síðdegis. Þar stendur til að lækka hraðan sem er auðvitað algjörlega tilgangslaust á braut þar sem umferð er orðin svo þung að útilokað er að aka þar „hratt“.

Áheyrnarfulltrúi Sósíalistaflokksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Áheyrnarfulltrúi sósíalista fagnar tillögu um hámarkshraðaáætlun og er spenntur að sjá niðurstöður sem fyrst.

10. Framtíð kænustarfs Siglingafélags Reykjavíkur - Brokeyjar í Nauthólsvík, framtíðarsýn og siglingaraðstaða

Mál nr. US210123

Lagt fram bréf Brokey, siglingafélags Reykjavíkur dags. 16. apríl 2021 þar sem óskað er eftir leiðbeiningu varðandi framtíðarsýn um siglingaraðstöðu kænustarfs Siglingafélags Reykjavíkur, Brokeyjar í Nauthólsvík. Einnig er lagt fram minnisblað Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur dags. 27. janúar 2021 og kort af skólpðælustöðum í Reykjavík.

Vísað til umsagnar umhverfis - og skipulagssviðs, skipulagsfulltrúa.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Lagt er fram bréf Brokey, siglingafélags Reykjavíkur þar sem óskað er eftir leiðbeiningu varðandi framtíðarsýn um siglingaaðstöðu. Í umsögn Heilbrigðiseftirlitsins er mælt gegn því að siglingaaðstaða verði við Nauthólsvík. Ásamt því að þarna á einnig að ganga á náttúrulega fjöru. Það væri best ef hægt væri að finna aðstöðunni hentugri stað þar sem ekki er gengið svo mikið á náttúru. Nú er þetta í Nauthólsvík og vissulega er þetta gott siglingasvæði. En vegna ábendinga frá Heilbrigðiseftirliti þarf að halda áfram að finna þessari starfsemi annað svæði í góðu samráði og samvinnu við Brokey enda afar mikilvæg íþrótt.

11. Fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins, Mál nr. US210129

Hver var áætlaður kostnaður við nýja hverfastöð við Fiskislóð?. Hver var raunkostnaður við nýja hverfastöð við Fiskislóð?. Hversu margir fermetrar voru malbikaðir?

Vísað til umsagnar umhverfis - og skipulagssviðs, skrifstofu framkvæmda og viðhalds.

12. Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins, Húsverndunarsjóður Reykjavíkur. Mál nr. US210127

Húsverndunarsjóður Reykjavíkur. Þetta ár bárust 39 umsóknir og engin frá úthverfum, flestar í miðbæ og vesturbæ enda þar flest gömul hús, friðuð hús. Fulltrúi Flokks fólksins vill leggja fram fyrirspurn um hvort ekki væri rétt að skoða að tengja hverfisvernd Húsverndunarsjóði? Nú eru mörg úthverfi að komast á það stig að þau spegla tíðaranda þess tíma þegar þau voru byggð. Það ber að varðveita. Nú söknum við t.d bensínstöðva,-Nestisem aldrei urðu 100 ára. Með því að tengja hugmyndina um hverfisvernd við húsverndun (Húsverndunarsjóðs) opnast möguleikar á að vernda ákveðin stíl eða tíðaranda þess tíma þegar hverfið var byggt.

Vísað til umsagnar umhverfis - og skipulagssviðs, skipulagsfulltrúa.

- Kl. 10:45 tekur Eyþór Laxdal Arnalds sæti á fundinum
- Kl. 10:45 vísar Ragnhildur Alda Vilhjálmssdóttir af fundinum.

13. Tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins, Mál nr. US210128

Lagt er til að bæta aðgengi fólks að vesturströndinni í Vesturbænum við Ánanaust. Umhverfis- og skipulagssviði verði falið að koma með tillögu að útfærslu fyrir 15. júní næstkomandi. Nú standa yfir endurbætur á sjóvarnargarði við Eiðsgranda og Ánanaust sem verður mun stærri á eftir. Gert er ráð fyrir áningarstað fyrir ofan garðinn við Eiðsgranda en aðgengi að ströndinni verður mjög takmarkað. Á bak við sjóvarnargarðinn leynist nærri kílómetra löng falleg strönd með einstöku útsýni. Mikil gæði felast í því að geta setið við ströndina, enda er mikil upplifun að sjá sólsetrið og

horfa á öldurnar við Ánanaust. Það myndi auka gæði þessa fallega útivistarstaðar að gera gott aðgengi fólks að þessum fallega stað þannig að unnt sé að ganga með öruggum hætti yfir garðinn og niður fyrir hann.

Vísað til umsagnar umhverfis - og skipulagssviðs, skipulagsfulltrúa og skrifstofu umhverfisgæða.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins fagna því að vel sé tekið í tillöguna enda um einstakan stað að ræða til að njóta og upplifa sólsetrið. Gott aðgengi að þessum fallega útivistarstað mun auka möguleika borgarbúa til útivistar á svæðinu.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Flokks fólksins fagnar og styður þessa tillögu um að bæta aðgengi fólks að vesturströndinni í Vesturbæ við Ánanaust enda hefur fulltrúi Flokks fólksins marg oft bent á að náttúrulegar fjörur eru gott útivistarsvæði, en því miður er stöðugt gengið á þær. Þar sem möguleiki er á að nýta þær til útivistar á aðgengi að vera gott. Þannig er það í þessu tilfelli. Gert er ráð fyrir áningarstað fyrir ofan garðinn við Eiðsgranda en aðgengi að ströndinni verður mjög takmarkað. Að bak við sjóvarnargarðinn leynist nærri kílómetra löng falleg strönd með einstöku útsýni eins og kemur fram í tillögunni. Bæta þarf aðgengi til að fólk geti notið þessa fallega útivistarstaðar.

14. Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins,  
um samráð

Mál nr. US210115

Fulltrúi Flokks leggur til og hvetur skipulagsyfirlögd að hlusta á íbúa við Brekkugerði og Stóragerði vegna tillögu að breyttu deiliskipulagi fyrir Hvassaleiti og nágrenni. Hér er um samstíga ákall íbúa sem benda á atriði um öryggi barna þeirra. Skipulagsyfirlögd eiga að hlusta á sjónarmið fólksins og breyta samkvæmt þeim. Enginn veit betur um hættur í hverfum en íbúarnir sjálfir. Í þessu tilfelli er mikil samstaða meðal íbúa í málinu og hafa fulltrúar þinglýstra eigenda allra íbúðarhúsa við Brekkugerði sett nafn sitt við bréf til skipulagsyfirlögd þar sem sem að sú fyrirætlan sem er á borðinu er ekki talin leysa málið. Einnig er því mótmælt af íbúum að verið sé að útfæra tillögu sem er í fullkominni mótsögn við stefnu borgarinnar um vistvæna ferðamáta með nýjum bílastæðum.

Tillagan er felld með fjórum atkvæðum fulltrúa Viðreisnar, fulltrúa Samfylkingarinnar og fulltrúa Pírata. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá við afgreiðslu.

Fulltrúar Samfylkingarinnar, Pírata og Viðreisnar leggja fram svohljóðandi bókun:

Nýtt deiliskipulag fyrir Hvassaleitisskóla var samþykkt fyrr á fundinum. Því er eðlilegast að fella umrædda tillögu. Deiliskipulagið byggir á hugmyndum innan úr skólasamfélaginu. Hugmyndir um heildarfækkun stæða í hverfinu eru athyglisverðar en mögulegt er að skoða þær í framtíðinni, til dæmis í tengslum við gerð nýs hverfisSKIPULAGS.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Tillögu Flokks fólksins um að skipulagsyfirvöld hlusti á íbúa við Brekkugerði og Stóragerði vegna tillögu að breyttu deiliskipulagi fyrir Hvassaleiti og nágrenni hefur verið felld með þeim rökum vegna þess að skipulagsyfirvöld hafa nú þegar afgreitt málið. Það væri þessum meirihluta að meinalausu að hlusta nú á samstíga ákall íbúa sem benda á atriði um öryggi barna þeirra. Skipulagsyfirvöld eru í þjónustu borgarbúa en ekki öfugt. Skipulagsmál er ekki einkamál fárra aðila í meirihluta borgarstjórnar eða embættismanna. Enginn veit betur um hættur í hverfum en íbúarnir sjálfir.

15. Tangabryggja 13-15, kæra 134/2020, (04.023.1) Mál nr. SN200772  
umsögn, úrskurður  
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Borgartúni 21, 105 Reykjavík

Lagt fram erindi úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 14. desember 2020 ásamt kæru dags. 14. desember 2020 þar sem kærð er útgáfa lokaúttektarvottorðs byggingarfulltrúa Reykjavíkur vegna Tangabryggju 13-15 sem gefið var út 21. október 2020. Einnig er lögð fram umsögn skrifstofu sviðsstjóra dags. 16. febrúar 2021. Jafnframt er lagður fram úrskurður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála frá 6. maí 2021. úrskurðarorð: Hafnað er kröfu kæranda um ógildingu ákvörðunar byggingarfulltrúans í Reykjavík frá 21. október 2020 um að gefa út vottorð um lokaúttekt vegna Tangabryggju 13-15.

16. Nýlendugata 14, breyting á deiliskipulagi (01.131.1) Mál nr. SN210190  
440703-2590 THG Arkitektar ehf., Faxafeni 9, 108 Reykjavík

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 29. apríl 2021 vegna samþykktar borgarráðs s.d. á auglýsingu á tillögu að breytingu á deiliskipulagi reits 1.131, Nýlendureits vegna lóðarinnar nr. 14 við Nýlendugötu.

17. Lækjargata 1, nýtt deiliskipulag (01.17) Mál nr. SN200645  
510391-2259 Framkvæmdasýsla ríkisins, Borgartúni 7, 105 Reykjavík

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 29. apríl 2021 vegna samþykktar borgarráðs s.d. á auglýsingu á tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir lóðina nr. 1 við Lækjargötu, lóð forsætisráðuneytisins og Stjórnarráðshússins, vegna áforma um viðbyggingu við Stjórnarráðshúsið.

18. Laugavegur 20B, breyting á (01.171.5) Mál nr. SN210232  
deiliskipulagi  
060346-2249 Páll V Bjarnason, Laufásvegur 7, 101 Reykjavík  
470605-1460 Stórval ehf, Vínlandsleið 16, 113 Reykjavík

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 29. apríl 2021 vegna samþykktar borgarráðs s.d. á auglýsingu á tillögu að breytingu á deiliskipulagi reits 1.171.1, Laugavegs- og Skólavörðustígsreitir, vegna lóðarinnar nr. 20B við Laugaveg.

19. Jöfursbás 9, breyting á deiliskipulagi (02.220.6) Mál nr. SN210066  
160575-4339 Júlíus Þór Júlíusson, Þrúðsalir 3, 201 Kópavogur  
500118-0670 Hoffell ehf., Þrúðsölum 3, 201 Kópavogur

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 29. apríl 2021 vegna samþykktar borgarráðs s.d. á auglýsingu á tillögu að breytingu á deiliskipulagi Gufuness, 1. áfanga, vegna lóðarinnar nr. 9 við Jöfursbás.

20. Húsverndarsjóður Reykjavíkur 2021, Mál nr. US210016  
úthlutun styrkja 2021



Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 29. apríl 2021 vegna samþykktar borgarráðs s.d. á trúnaðarmerktri tillögu að úthlutun styrkja úr Húsverndarsjóði árið 2021.

21. Fyrirspurn frá áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins, Hljóðvist Mál nr. US210130

Hversu margir hafa sótt um og hversu margir hafa fengið styrk til glerskipta í eigin húsnæði til að bæta hljóðvist á ári hverju frá árinu 2014? Hversu mikið hefur verið greitt í styrki til glerskipta á ári hverju frá árinu 2014? Hvernig dreifast umsóknir og styrkveitingar vegna glerskipta á götur? Hver er hæsta fjárhæð vegna styrks sem hefur verið veittur vegna glerskipta og hvert er meðaltal fjárhæða styrkja? Hver er kostnaður Reykjavíkur á ári hverju frá árinu 2014 við að meta hvort umsækjendur uppfylla kröfur til styrkveitingar og við að meta hljóðstyrk og veita ráðgjöf vegna hljóðvistar? Er eitthvað sem kemur í veg fyrir það að sami einstaklingur hljóti fjölda styrkja vegna þess að viðkomandi á fleiri en eina íbúð? Er skilyrði að einstaklingur búi í því húsi þar sem sótt er um styrk? Er eitthvað horft til efnahagsstöðu umsækjanda við mat á styrkhæfni hans?

Frestað.

22. Tillaga áheyrnarfulltrúa Miðflokksins, Geymsla hjólhýsa og fellivagna Mál nr. US210132

Lagt er til að eigendum hjólhýsa og fellivagna verði veitt heimild að leggja og geyma þau/þá á stæðum og grænum svæðum við heimili sín gegn vægu gjaldi yfir sumartímann.

Tillögunni fylgir greinargerð:

Frestað.

23. Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Sósíalistaflokksins, Mál nr. US210133

Stendur eitthvað til að bæta markúsartorg við gerðuberg en það er kalt, illa nýtt og óvistlegt. Töluvert margir íbúar hafa gefið sig á orð við mig upp á síðkastið og velt upp þeirri spurningu hvort það standi til að gera eitthvað til þess að gera torgið skjólsælla, nýtilegra og hlýrra?

Frestað.

24. Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins, Nagladekkjanotkun Mál nr. US210134

Nagladekkjanotkun hefur lítið dregist saman þrátt fyrir stanslausan áróður Reykjavíkurborgar gegn þeim án þess að taka tillit til öryggissjónarmiða þeirra sem þurfa að keyra úr öðrum sveitarfélögum til vinnu í Reykjavík, sem kemur til vegna lóðaskorts í borginni. Að auki hafa bílaleigur bent á að váttryggingarskylda hvíli á þeim til notkunar nagladekkja yfir vetrartímann. Nagladekkjatalningar hafa staðið yfir síðan 2000-2001. Hvað hefur verið eytt miklu í auglýsingar að hálfu borgarinnar í nagladekkjaáróður frá árinu 2000 til áramóta 2020 tæmandi talið eftir árum?

Frestað.

25. Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins,

Mál nr. US210135

Skipulagsyfirvöld fá verkfræðistofuna Eflu til að halda utan um nagladekkjatalningu. Efla fær síðan ungt fólk/námsmenn til að telja hvað margir aka á nagladekkjum. Fulltrúi Flokks fólksins óskar eftir að fá upplýsingar um kostnað borgarinnar við að ráða verkfræði- og arkitektastofuna Eflu til að halda utan um þetta verk? Óskað er upplýsingar um kostnað fyrir einstakt skipti og hver kostnaðurinn hefur verið frá upphafi þ.e. frá aldamótum þegar talning hófst. Óskað er sundurliðunar á kostnaði og að með svari fylgi afrit af reikningi frá Eflu.

Frestað.

26. Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins,

Mál nr. US210136

Fulltrúi Flokks fólksins hefur miklar áhyggjur af þróun umferðarmála á Breiðholtsbraut. Þar er umferð oft mikil, einkum á Breiðholtsbrautinni á annatímum. Þar hafa nú myndast langar bílaraðir á morgnana, síðdegis og við upphaf frídaga og enda þeirra. Það er orðið afar brýnt að tvöfalda legginn frá Jafnaseli að Rauðavatni. Fulltrúi Flokks fólksins óskar að vita hvað skipulagsyfirvöld hyggjast gera í þessu, hvernig á að bregðast við þessu og hvenær. Málið er brýnt og þarfnast tafarlausra aðgerðar.

Frestað.

- Kl. 11:00 vikur Eyþór Laxdal Arnalds af fundinum.

**Fleira gerðist ekki.  
Fundir slitið kl. 11:33**

Fundargerðin lesin yfir og undirrituð

Pawel Bartoszek

Hjálmar Sveinsson  
Dóra Björt Guðjónsdóttir  
Marta Guðjónsdóttir

Aron Leví Beck  
Katrín Atladóttir

**Afgreiðsla byggingarfulltrúa skv. viðauka 2.4 um embættisafgreiðslur  
byggingarfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp  
borgarstjórnar**

Árið 2021, þriðjudaginn 4. maí kl. 10:10 fyrir hádegi hélt byggingarfulltrúinn í Reykjavík 1113. fund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar skipulags- og samgönguráðs. Fundurinn var haldinn í fundarherberginu 2. hæð Borgartúni 12-14. Þessi sátu fundinn: Erla Bjarný Jónsdóttir, Sigrún Reynisdóttir, Vífill Björnsson, Jón Hafberg Björnsson, Óskar Torfi Þorvaldsson og Olga Hrund Sverrisdóttir. Fundarritari var Erla Bjarný Jónsdóttir.

**Þetta gerðist:**

**Nýjar/br. fasteignir**

1. Austurbakki 2 (11.404.03) 209357 Mál nr.  
BN059174  
471008-0280 Landsbankinn hf., Austurstræti 11, 101 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN055542 þannig að aðeins er breytt rýmismúmerum í nýbyggingu Landsbankans, sem er mhl. 16 á lóð nr. 2 við Austurbakka.  
Stækkun: 466,6 ferm., 1.719,9 rúmm.  
Gjald kr. 12.100  
Frestað.  
Vísað til athugasemda.
2. Álfab. 12-16/Þönglab. (46.035.03) 111722 Mál nr.  
BN059218  
411091-1209 Garðheimar Gróðurvörur ehf., Stekkjarbakka 6, 109 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að byggja garðyrkjumiðstöð, stálgrindarhús, klætt álsamlökueiningum og gleri á lóð nr. 6 við Álfabakka.  
Erindi fylgir brunahönnun frá Örug, verkfræðistofa dags. 20. apríl 2021.  
Stærð, A-rými: 6.862,2 ferm., 44.641,6 rúmm.  
B-rými: 513,1 ferm., 1.667,6 rúmm.  
Gjald kr. 12.100  
Frestað.  
Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.
3. Árland 10 (18.495.01) 225720 Mál nr.  
BN059071  
510497-2799 Félagsbústaðir hf., Þönglabakka 4, 109 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að breyta erindi, BN055487, vegna lokaúttektar, sem felst í breytingum á innri rýmum, í húsinu á lóð nr. 10 við Árland.  
Gjald kr. 12.100  
Samþykkt.  
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Afgreiðist með sömu stimul og stofnerindi.
4. Árvað 5 (47.311.01) 203628 Mál nr.  
BN059205  
570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN050398 þannig að komið er fyrir vindbrjótum á suður- og austurhlíð og grindverki á lóð nr. 5 Norðlingaskóla við Árvað.  
Gjald kr. 12.100  
Frestað.  
Vísað til athugasemda.

5. Ásvallagata 60 (11.390.10) 100743 Mál nr. BN059001  
 Þorvarður Jóhannesson, Noregur, Sótt er um leyfi til þess að byggja viðbyggingu, með snyrtingu í kjallara og stækkun við eldhús og nýrri aðkomu á 1. hæð, við norðvestur hlið einbýlishúss á lóð nr. 60 við Ásvallagötu.  
 Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 9. apríl 2021 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 9. apríl 2021. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 12. apríl 2021.  
 Stækkun: 20.6 ferm., 100.9 rúmm.  
 Gjald kr. 12.100  
 Frestað.  
 Vísað til athugasemda eldvarnareftirlits.  
 Erindi er í grenndarkynningu.
6. Bárugata 29 (11.354.05) 100483 Mál nr. BN059063  
 Kolbeinn Árnason, Bárugata 29, 101 Reykjavík  
 Claudia Schenk, Bárugata 29, 101 Reykjavík  
 Sótt er um leyfi til þess að koma fyrir svölum á austurhlið íbúðar 0201 á 2. hæð í íbúðarhúsi á lóð nr. 29 við Bárugötu.  
 Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 30. apríl 2021 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 30. apríl 2021. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 3. maí 2021.  
 Gjald kr. 12.100  
 Frestað.  
 Með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 30. apríl 2021 og til athugasemda.
7. Bátavogur 1 (14.512.01) 105600 Mál nr. BN059255  
 490916-0670 Bjarg íbúðafélag hses., Kletthálsi 1, 110 Reykjavík  
 Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN057214 þannig að skráning íbúðar 0109 í mhl. 01 hefur verið lagfærð í húsi á lóð nr. 1-7 við Bátavog.  
 Gjald kr. 12.100  
 Samþykkt.  
 Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
 Afgreiðist með sömu stimul og stofnerindi.
8. Bíldshöfði 18 (40.650.02) 110672 Mál nr. BN058197  
 480207-0760 Fasteignafélagið GS ehf, Bíldshöfða 18, 110 Reykjavík  
 Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum sem felast í að að fjarlægja vegg og fjölga eignarhlutum á 2. hæð í iðnaðarhúsi, mhl. 02, á lóð 18 við Bíldshöfða.  
 Erindi fylgir samþykki eiganda dagsett 19. október 2020 og bréf hönnuðar dags. 19. október 2020.  
 Gjald kr. 11.200  
 Frestað.  
 Vísað til athugasemda eldvarnareftirlits.
9. Borgartún 8-16A (12.201.07) 199350 Mál nr. BN058758  
 450613-2580 Íþaka fasteignir ehf., Lynghálsi 4, 110 Reykjavík  
 Sótt er um leyfi til að breyta fyrirkomulagi í neðri kjallara mhl. 06, fjarlægja m.a. þrjú bílastæði og innrétta líkamsræktarstöð, koma fyrir golfhermi, tæknirými og sorpgeymslu í rýmum -0102, -0103, -0104 og -0112 í atvinnuhúsi við Katrínartún 4, á lóð nr. 8-16A við Borgartún.  
 Erindi fylgir yfirlit breytinga og bréf hönnuðar dags. 27. apríl 2021.  
 Gjald kr. 12.100  
 Frestað.

Vísað til athugasemda.

10. Bústaðavegur 87 (18.192.09) 108263 Mál nr. BN059134  
470115-1140 Hækkun ehf., Klettási 19, 210 Garðabær  
Sótt er um leyfi til að hækka þak og byggja tvo kvisti og viðbyggingu til suðurs ásamt því að koma fyrir svölum og breyta innra skipulagi íbúðar 0201, auk þess að skipta upp þvottaherbergi og gera hurð út í garð á 1. hæð í húsi á lóð nr. 87 við Bústaðaveg.  
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 30. apríl 2021 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 30. apríl 2021. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 3. maí 2021.  
Stækkun: 74,8.2 ferm., 153.8 rúmm.  
Gjald kr. 11.200  
Frestað.  
Vísað til athugasemda.
11. Bústaðavegur 89 (18.192.10) 108264 Mál nr. BN059133  
470115-1140 Hækkun ehf., Klettási 19, 210 Garðabær  
Sótt er um leyfi til að breyta erindi, BN056313, þannig að innra skipulagi er breytt í risi og er þar komið fyrir eldhúsi, svalir gerðar á 2. hæð og hurð út í garð, auk þess að skipta upp þvottaherbergi og gera hurð út í garð á 1. hæð í húsi á lóð nr. 89 við Bústaðaveg.  
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 30. apríl 2021 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 30. apríl 2021. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 3. maí 2021.  
Stækkun frá áður samþykktu er: 9,6 ferm., 40,5 rúmm.  
Gjald kr. 12.100  
Frestað.  
Vísað til athugasemda.
12. Dragháls 18-26 (43.043.04) 111022 Mál nr. BN059099  
450613-2580 Ípaka fasteignir ehf., Lynghálsi 4, 110 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að breyta erindi, BN057014, þannig að millipallur er fjarlægður í rýmum 0211, 0212 og 0213, í húsi á lóð nr. 18-26 við Dragháls á lóð Fossháls 17-25/Dragháls 18-26.  
Minnkun er : 68,8 ferm.  
Gjald kr. 12.100  
Samþykkt.  
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing sé samþykkt fyrir útgáfu byggingarleyfis, henni verði þinglýst eigi síðar en við lokaúttekt. Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.
13. Dunhagi 18-20 (15.451.13) 106483 Mál nr. BN059222  
510209-0440 D18 ehf., Borgartúni 24, 105 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að breyta erindi, BN058637, þannig að verslun er stækkuð, starfsmannarými verslunar flutt upp á 1. hæð, í rýmin 0102 og 0103, og geymslur stækkaðar í húsi á lóð nr. 18-20 við Dunhaga.  
Gjald kr. 12.100  
Samþykkt.  
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing sé samþykkt fyrir útgáfu byggingarleyfis, henni verði þinglýst eigi síðar en við lokaúttekt. Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

14. Einarsnes 32 (16.712.02) 106771 Mál nr.  
BN059213  
Helga Árnadóttir, Einarsnes 32, 102  
Sótt er um leyfi til að breyta erindi, BN055876, þannig að gerð er grein fyrir áður gerðum breytingum á húsi nr. 32 á lóð nr.30-32 við Einarsnes.  
Gjald kr. 12.100  
Frestað.  
Vísað til athugasemda.
15. Elliðabraut 12 (47.726.01) 204802 Mál nr.  
BN059247  
660505-2100 Mótx ehf., Hlíðasmára 19, 201 Kópavogur  
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN054250/BN054578 þannig að innra skipulagi er breytt í íbúð 0403 í mhl. 05, Elliðabraut 20 og 0101 í mhl. 06, Elliðabraut 22, ásamt því að bætt er við glugga á suðurhlið 4. hæðar mhl. 06 á lóð nr. 12 við Elliðabraut nr. 12.  
Erindi fylgir yfirlit breytinga.  
Gjald kr. 12.100  
Samþykkt.  
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.
16. Fagribær 13 (43.515.01) 111147 Mál nr.  
BN059209  
Jóhanna Sigurborg Jafetsdóttir, Fagribær 13, 110 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að byggja steinsteypa viðbyggingu á austurgafli einbýlishúss á lóð nr. 13 við Fagrabæ.  
Erindi fylgir yfirlit breytinga.  
Stækkun: 51,3 ferm., xx rúmm.  
Eftir stækkun: 223,1 ferm., 787,9 rúmm.  
Gjald kr. 12.100  
Frestað.  
Vísað til athugasemda.  
Erindi er til umfjöllunar hjá skipulagsfulltrúa.
17. Fannafold 170 (28.526.12) 110023 Mál nr.  
BN058991  
Tryggvi Jónasson, Fannafold 170A, 112 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að byggja viðbyggingu á norðvesturhlið og anddyri á suðvesturhlið íbúðar 0101 í húsi á lóð nr. 170 við Fannafold.  
Erindi fylgir samþykki meðeigenda dags. 15. desember 2019.  
Stækkun: 24,4 ferm., 54,0 rúmm.  
Gjald kr. 12.100  
Frestað.  
Lagfæra skráningu.
18. Faxagarður 1 (11.197.01) 229432 Mál nr.  
BN059210  
530269-7529 Faxaflóahafnir sf., Tryggvagötu 17, 101 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að breyta erindi, BN056709, þannig að hætt er við að gera girðingu og sorp við vakt- og spennistöðina á lóð nr. 1 við Faxagarð.  
Gjald kr. 12.100  
Frestað.  
Vísað til athugasemda.
19. Fiskislóð 41 (10.866.02) 209698 Mál nr.  
BN059054

711292-2929 Bílabúð Benna ehf., Krókhálsi 9, 110 Reykjavík  
 Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN058108 þar sem sótt var um að byggja stálgrindarhús fyrir dekkjaverkstæði á 1. hæð og óráðstafað rými á 2. hæð, helstu breytingar eru færsla á húsinu um 4,5 m til suðurs og breytt innra skipulag sbr. meðfylgjandi bréfi hönnuðar á húsi á lóð nr. 41 við Fiskislóð.  
 Erindi fylgir samþykki eiganda Bílabúðar Benna dags. 22. mars 2021, bréf hönnuðar dags. 22. mars 2021, aðaluppdrættir nr. A.01.00, A.01.01, A.01.02, A.01.03, A.01.04 og A.01.05 dags. 18. mars 2021, breytt dags. 15. apríl 2021.  
 Gjald kr.12.100  
 Samþykkt.  
 Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
 Afgreiðist með sömu stimul og stofnerindi.

20. Fjarðarsel 20-36 (49.725.01) 113185 Mál nr. BN059159

Gísli Jóhann Sigurðsson, Fjarðarsel 24, 109 Reykjavík  
 Sótt er um leyfi fyrir svalalokun á svalir nr. 0202 á suð-austur hlið á húsi nr. 24 á lóð nr. 20-36 við Fjarðarsel.  
 Stækkun er: 9,55 ferm., 25,8 rúmm.  
 Erindi fylgir afrit af samþykktum uppdrætti nr. 102 sem samþykktur var 14. ágúst 1975, ljósmynd af framhlið húss dags. 26. október 2020, afrit útlitsteikninga sem samþykkt var 12. febrúar 1976, skýringarmynd - þvííð mynd af fyrirhugaðri svalalokun ódagsett og undirritað samþykki meðeigenda ódagsett.  
 Gjald kr.12.100  
 Samþykkt.  
 Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
 Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing sé samþykkt fyrir útgáfu byggingarleyfis, henni verði þinglýst eigi síðar en við lokaúttekt. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

21. Gefjunarbrunnur 18 (26.954.08) 206035 Mál nr. BN059098

441007-1320 Fagmót ehf., Laufbrekku 3, 200 Kópavogur  
 Sótt er um leyfi til að breyta erindi, BN056966, þannig að geymslu er breytt í fataherbergi og komið er fyrir geymslu undir stiga, í húsi á lóð nr. 18 við Gefjunarbrunn.  
 Erindi fylgir umsögn brunahönnuðar um mat á sambrunahættu dags. 26. apríl 2021.  
 Gjald kr. 12.100  
 {Samþykkt.}  
 Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
 Afgreiðist með sömu stimul og stofnerindi.

22. Gerðarbrunnur 50 (50.547.04) 206063 Mál nr. BN058969

Donatas Miecius, Gerðarbrunnur 50, 113 Reykjavík  
 Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN056022 þannig lokað er á milli stigagangs og herbergja á neðri hæð og þeim breytt í aukaíbúð í einbýlishúsi á lóð nr. 50 við Gerðarbrunn.  
 Erindi fylgir bréf frá hönnuði dags. 25. mars. 2021, yfirlit breytinga á afriti teikningar Vektors dags. 21. júní 2019.  
 Gjald kr. 12.100  
 Frestað.  
 Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa og til athugasemda.

23. Gerðarbrunnur 52 (50.547.04) 206064 Mál nr.  
BN059208
- Hjörtur Friðberg Jónsson, Fornistekkur 11, 109 Reykjavík  
Helga Björk Pálsdóttir, Fornistekkur 11, 109 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að byggja tveggja hæða einbýlishús með innbyggðri bílgeymslu, steinsteypa neðri hæð og efri hæð úr krosslímdu timbureiningum, einangrað að utan og klætt læstri áklæðningu á lóð nr. 52 við Gerðarbrunn.  
Stærð, A-rými: 254,7 ferm., 933,1 rúmm.  
B-rými: 56 ferm.  
Samtals: 310,7 ferm.  
Gjald kr. 12.100  
Frestað.  
Vísað til athugasemda.
24. Grensásvegur 1 (14.600.01) 105655 Mál nr.  
BN059227
- 670614-1310 Fasteignafélagið G1 ehf., Hlíðasmára 17, 201 Kópavogur  
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN059596 þannig að innréttingum og litum hefur verið breytt í fjölbýlishúsi, mhl. 01 á lóð nr. 1 við Grensásveg.  
Erindi fylgir bréf hönnuðar dags. 20. apríl 2021.  
Gjald kr. 12.100  
Frestað.  
Vísað til athugasemda.
25. Grensásvegur 1 (14.600.01) 105655 Mál nr.  
BN059173
- 670614-1310 Fasteignafélagið G1 ehf., Hlíðasmára 17, 201 Kópavogur  
Sótt er um leyfi til að byggja fimm hæða atvinnu- og fjölbýlishús með geymslu- og bílakjallara, eitt stigahús með lyftu og aðkomu bæði frá garði og götu, alls 41 íbúð á skilgreindum reit deiliskipulags C á lóð nr. 1 við Grensásveg.  
Stærð nýbyggingar með kjallara er 4.617,2 ferm, 15.599,6 rúmm.  
Erindi fylgir greinargerð arkitekts dags. 10. apríl 2021.  
Gjald kr. 12.100  
Frestað.  
Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.
26. Grensásvegur 1 (14.600.01) 105655 Mál nr.  
BN059226
- 670614-1310 Fasteignafélagið G1 ehf., Hlíðasmára 17, 201 Kópavogur  
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN058350 þannig að súlur, deili og skráningartafla hafa verið uppfærð í bílakjallara sem er mhl. 05 á lóð nr. 1 við Grensásveg.  
Breyttar stærðir:  
Gjald kr. 12.100  
Frestað.  
Vísað til athugasemda.
27. Grettisgata 18A (11.821.13) 101829 Mál nr.  
BN059072
- Charles William Crosland Palmer, Grettisgata 18A, 101 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að byggja viðbyggingu til norðurs sem verður með steypum kjallara og bárujárnsklæddri hæð úr timbri, við húsið á lóð nr. 18A við Grettisgötu.  
Erindi fylgir umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 20. apríl 2021.  
Stækkun: 21,4 ferm., 56,5 rúmm.  
Gjald kr. 12.100  
Frestað.  
Vísað til athugasemda eldvarnareftirlits.



28. Grettisgata 72 (11.910.05) 102463 Mál nr.  
BN058697
- Þorsteinn Lárusson, Barðastaðir 9, 112 Reykjavík  
Steinunn Eiríksdóttir, Barðastaðir 9, 112 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að koma fyrir léttum stálsvölum á íbúð 0201 í fjölbýlishúsi á lóð nr. 72 við Grettisgötu.  
Erindi fylgir samþykki meðeigenda áritað á uppdrátt.  
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 9. apríl 2021 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 9. apríl 2021. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 12. apríl 2021.  
Gjald kr. 12.100  
Samþykkt.  
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing sé samþykkt fyrir útgáfu byggingarleyfis, henni verði þinglýst eigi síðar en við lokaúttekt. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
29. Grjótháls 1-3 (43.024.01) 111016 Mál nr.  
BN059157
- 590902-3730 Eik fasteignafélag hf., Sóltúni 26, 105 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að byggja dreifistöð, mhl. 02 við lóðamörk í vestur, gera nýja innkeyrslu á suðurhluta lóðar ásamt því að bæta við gluggum á austurgafli húss á lóð nr. 1-3 við Krókháls.  
Erindi fylgir yfirlit breytinga.  
Stærð: 28,4 ferm., 113,6 rúmm.  
Gjald kr. 12.100  
Samþykkt.  
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.
30. Haðaland 1-7 (18.640.01) 108809 Mál nr.  
BN059211
- Snorri Freyr Fairweather, Búland 22, 108 Reykjavík  
Alma Ösp Arnórsdóttir, Búland 22, 108 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að byggja viðbyggingu, stækka bílskúr og gera breytingar á gluggum á húsi nr. 1 á lóð nr. 1-7 við Haðaland.  
Stækkun er: 35,4 ferm., 173,3 rúmm.  
Erindi fylgir hæðarblað fyrir Haðaland 1-7 dags. 28. maí 1969, mæliblað nr. 1.864.0 dags. 4. mars 1966, bréf burðarþolshönnuðar dags. 20. apríl 2021 og orkuútreikningar dags. 20. apríl 2021.  
Gjald kr.12.100  
Samþykkt.  
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
31. Haukahlíð 1 (16.291.02) 221262 Mál nr.  
BN059191

450107-0420 Hlíðarfótur ehf., Síðumúla 28, 108 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN055293 þannig að komið er fyrir timburrimlum á svallir og sérnotafleti fjölbýlishúss, mhl. 03 á lóð nr. 1 við Haukahlíð.

Erindi fylgir yfirlit breytinga.

Gjald kr. 12.100

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

32. Haukahlíð 1 (16.291.02) 221262 Mál nr.  
BN059190

450107-0420 Hlíðarfótur ehf., Síðumúla 28, 108 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN054705 og koma fyrir timburrimlum á svalir og sérnotafleti á fjölbýlishúsi, mhl. 07, á lóð nr. 1 við Haukahlíð.

Erindi fylgir yfirlit breytinga.

Gjald kr. 12.100

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

33. Haukdælabraut 40 (51.146.07) 214800 Mál nr.  
BN058806

430806-0680 Flísar og steinn ehf., Haukdælabraut 64, 113 Reykjavík

Sótt er um leyfi til þess að byggja tvílyft einbýlishús með auka íbúð og innbyggðum bílskúr á lóð nr. 40 við Haukdælabraut.

Stærðir: 344,7 ferm., 1413,6 rúmm.

Erindi fylgir mæliblað 5.114.6 dags. 21. febrúar 2008, hæðablað 5.114.6 - B dags. 25. maí 2008 og yfirlýsing hönnuðar vegna eignarhalds aðliggjandi lóða nr. 64 og 42.

Gjald kr. 12.100

Frestað.

Vísað til athugasemda.

34. Haukdælabraut 42 (51.146.08) 214801 Mál nr.  
BN059192

430806-0680 Flísar og steinn ehf., Haukdælabraut 64, 113 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að byggja tveggja hæða einbýlishús með innbyggðri bílageymslu og aukaíbúð á jarðhæð, einangrað að utan og klætt málmklæðningu á lóð nr. 42 við Haukdælabraut.

Erindi fylgir yfirlýsing hönnuðar um samþykki lóðarhafa aðliggjandi lóða dags. 1. apríl 2021.

Stærð, A-rými: 344,7 ferm., 1.264,4 rúmm.

B-rými: 16,8 ferm., xx rúmm.

Gjald kr. 12.100

Frestað.

Vísað til athugasemda.

35. Haukdælabraut 44 (51.146.09) 214802 Mál nr.  
BN059119

Marian Sigurðsson, Þorlaksgeisli 29, 113 Reykjavík

